

Steinunn Kristjánsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands

1995

Steinunn Kristjánsdóttir

ÁRSSKÝRSLA
MINJASAFNS AUSTURLANDS
1995

SKÝRSLUR MINJASAFNS AUSTURLANDS I

1996

EFNISYFIRLIT

SAGA MINJASAFNS AUSTURLANDS.....	4
TÍMAMÓT	5
STARFSEMIN HEFST	5
STARFSFÓLK	6
HÖNNUN Á MERKI SAFNSINS	7
TÖLVUVÆÐING	8
FORNLEIFARANNSÓKN	9
SÝNINGAR	10
GJAFIR.....	11
OPNUN MINJASAFNS AUSTURLANDS	11

Saga Minjasafns Austurlands


Minjasafn Austurlands var stofnað á Hallormsstað árið 1943. Eigendur safnsins voru Búnaðarsamband Austurlands, Samband austfirskra kvenna, ÚÍA og Múlasýslur. Fljótlega eftir stofnunina var innsöfnun muna hafin og áður en 5 ár voru liðin var búið að færa inn um 400 muni í aðfangabók minjasafnsins. Fyrstu tvö árin voru munirnir geymdir í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, þar til Gunnar Gunnarsson skáld á Skriðuklaustri bauðst til að taka safnið til varðveislu en hann átti, meðal annarra, stóran þátt í stofnun safnsins.

Árið 1948 flutti Gunnar frá Skriðuklaustri og gaf ríkinu hús sitt en með því skilyrði að þar færi fram menningarstarfsemi af einhverju tagi. Í framhaldi af því var Minjasafni Austurlands boðið húsnæðið til afnota um óákveðinn tíma. Með boði þessu virtist vera komin lausn á húsnæðismál safnsins. Samningar við menntamálaráðuneytið hófust skömmu síðar en safnið átti að fá fimm herbergi á aðalhæð íbúðarhússins á Skriðuklaustri, auk rishæðar ofan við þau. Áður en gengið var formlega frá samningum um aðstöðu fyrir minjasafnið á Skriðuklaustri slitnaði upp úr viðræðunum, sem staðið höfðu yfir í allmörg ár án nokkurra niðurstaðna.

Samningsslitin áttu sér langan aðdraganda. Um svipað leyti og samningar hófust árið 1949 fékk Landbúnaðarráðuneytið Skriðuklaustur til afnota til reksturs tilraunastöðvar. Ætlunin var að minjasafnið og tilraunastöðin yrðu rekin þar hlið við hlið. Umsvif tilraunastöðvarinnar urðu smám saman það mikil að stjórn minjasafnsins sá sér ekki annað fært en að flytja safnið frá Skriðuklaustri. Safnið var flutt frá Skriðuklaustri árið 1966 og mununum komið fyrir í geymslum á Egilsstöðum. Þegar ákvörðunin um flutninginn var tekin hafði safnið einungis eitt herbergi til umráða á Skriðuklaustri.

Enn var leitað lausna á húsnæðisvanda minjasafnsins og urðu málalok þau að ríkissjóður samþykkti að koma upp húsi fyrir starfsemi minjasafnsins í stað húsnæðisins sem safnið hafði afnot af á Skriðuklaustri. Húsinu var valinn staður á Egilsstöðum eftir að atkvæðagreiðsla hafði farið fram á fundi stjórnar minjasafnsins árið 1979, rúmum áratug eftir að safnið missti alfarið húsnæði sitt á Skriðuklaustri.

Byggingaframkvæmdir á Egilsstöðum hófust í upphafi níunda áratugarins og hafa því staðið yfir í rúman áratug. Fyrirhugað er að húsið verði byggt í þremur áföngum en byggingin samanstendur af þremur álmum, sem eiga að hýsa Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austurlands og Bókasafn Héraðsbúa.



Mynd 1. Safnahús á Egilsstöðum. Teikningin var gerð á teiknistofu Stefáns Jónssonar.

Byggingaframkvæmdum á fyrsta áfanga hússins er svo að segja lokið, þ.e. álmu minjasafnsins. Héraðsskjalasafnið og bókasafnið hafa, auk minjasafnsins, aðsetur í húsinu þar til lokið hefur verið við hinar álmurnar tvær. Minjasafnið hefur nú tæplega

300 m² stóran sýningarsal og geymslu af svipaðri stærð til umráða. Geymslunni er skipt í þrjá hluta; geymslu með hillum fyrir litla muni, þvotta- og forvörsluaðstöðu, auk aðstöðu til viðgerða og geymslu á stórum munum.

Tímamót

Fimmtíu ára saga Minjasafns Austurlands einkennist af húsnæðishraki og hefur starfsemi safnsins fram til þessa einskorðast að mestu við söfnun muna, auk viðgerða þegar efni og aðstæður hafa leyft. Minni sýningar hafa þó verið settar upp á vegum safnsins þegar sérstakt tilefni hefur verið til þess. Þegar ljóst var í upphafi árs 1995, að á því ári yrði að mestu lokið við byggingu fyrsta áfanga safnahússins á Egilsstöðum, var ákveðið að minjasafnið myndi hefja starfsemi sína að nýju á árinu.

Árið 1995 er því tímamótaár í sögu Minjasafns Austurlands. Safnið flutti í fyrsta sinn í eigið húsnæði og breytingar urðu á rekstrinum. Snemma árs tóku 11 sveitarfélög¹ á Héraði og Borgarfirði eystra við rekstri safnsins úr höndum félagssamtaka þeirra er stofnuðu safnið ásamt Héraðsnefnd Múlasýslna. Í mars var hafist handa við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1995, ný stjórn var kosin og forstöðumaður ráðinn í framhaldi af því. Í stjórn eru Þórey Hannesdóttir, formaður, Magnús Þorsteinsson, ritari, og Erlendur Steinþórsson, gjaldkeri. Varamenn eru Sævar Sigbjarnarson og Hákon Aðalsteinsson. Forstöðumaður safnsins er Steinunn Kristjánsdóttir.

Forstöðumaður Minjasafns Austurlands tók til starfa við safnið þann 1. september, 1995. Fram að þeim tíma frá 1. júlí, vann hann að einstökum verkefnum fyrir safnið í samráði við stjórn þess. Þau verkefni voru val og kaup á hillukerfi í geymsluhúsnæði safnsins, tölvuvæðing og hönnun merkis fyrir safnið. Guðrún Kristinsdóttir, minjavörður Austurlands, sinnti þeim verkefnum sem sinna þurfti á Egilsstöðum í fjarveru forstöðumanns.

Starfsemin hefst

Þann 1. ágúst hófust flutningar á munum safnsins í safnahúsið við Laufskóga. Safnið á hátt á þriðja þúsund muna, sem flestir voru geymdir í bráðabirgðageymslum á háalofti bæjarskrifstofunnar á Egilsstöðum og þrjónastofunnar Dyngju. Flutningum lauk að mestu í nóvember en mununum var komið fyrir í sýningarsal safnahússins, þar sem geymslurými safnsins í kjallara safnahússins var ekki fullfrágengið.

Enn á eftir að flytja nokkra muni í eigu safnsins í safnahúsið en um er að ræða óskráða muni hjá einstaklingum og mjög fyrirferðarmikla muni sem ekki er hægt að koma fyrir enn sem komið er.

Þegar flutningar hófust var búist við að munir minjasafnsins, sem safnað hefur verið í gegnum tíðina, væru í slæmu ásigkomulagi eftir margra áratuga geymslu. Geymslurnar eru að miklu leyti óeinangraðar þannig að raka- og hitastig þar innandyra er háð veðri. Kristín Huld Sigurðardóttir, forvörður á Þjóðminjasafninu, gerði könnun á aðbúnaði safngripanna árið 1993. Hún lýsir aðkomunni í geymslurnar á eftirfarandi hátt: “*Til að*

¹ Sveitarfélögin eru Egilsstaðabær, Fellahreppur, Vallahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Jökuldalshreppur, Eiðapinghá, Hjaltastaðapinghá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur og Borgarfjarðarhreppur.

komast upp á loftið þarf að fara upp brattan tréstiga, opnum milli þrepa. Forstöðumaður Safnastofnunar hefur komið fyrir líflínu til að halda í þegar farið er um stigann.... Aðkoman í geymsluna er þess háttar að þar er ekki hægt að bjóða nokkrum manni upp á annað eins. ... Geymslan er óhemju óhrein, og gripir liggja alltof margir óhreinir í hrúgum á hillum eða gólfu”.²

Ástand munanna kom því engan veginn á óvart en margir þeirra eru mjög illa farnir og þarfnast viðgerða. Að sama skapi hafði mikið fallið á munina í áranna rás og þurfti því að hreinsa nánast hvern grip fyrir sig. Munir úr járnri voru orðnir mjög ryðgaðir og stendur hreinsun á ryði enn yfir í ársbyrjun 1996 en hreinsun á öðrum safngripum er svo að segja lokið.

Starfsfólk

Þegar starfsemi stóð fyrir dyrum að nýju á minjasafninu, síðla sumars 1995, þótti ljóst að gífurleg vinna væri framundan ef opnun safnsins átti að vera möguleg á árinu. Nokkrir starfsmenn, auk forstöðumanns, hafa því unnið á minjasafninu eftir að flutningar hófust í ágúst síðastliðnum en Egilsstaðabær bauð safninu þátttöku í atvinnuáttaksverkefni sem er í gangi á vegum bæjarins.

Þrír starfsmenn voru ráðnir til að vinna við safnið. Það voru Anna Fía Emilsdóttir, Björn Magni Björnsson og Jóna Óskarsdóttir. Laun þeirra hafa verið greidd að mestu með styrkveitingu úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Í lok nóvember var smiður, Skúli Magnússon, jafnframt ráðinn í fullt starf á safninu til að vinna við uppsetningu innréttinga í sýningarsal.



Mynd 2. Björn Magni hefur séð um hreinsun járngripa í eigu minjasafnsins.

Anna Fía og Björn Magni hafa unnið í fullu starfi við safnið en Jóna vinnur í hálfu starfi. Verksvið þessa starfsfólks fólst í flutningi og frágangi á munum safnsins. Munirnir voru hreinsaðir og tölvuskráðir samhliða flutningum. Áætlað er að atvinnuáttaksverkefninu ljúki í byrjun júní 1996, um það leyti er safnið verður opnað almenningi. Þessir aðilar munu vinna við frágang muna og undirbúning í sýningarsal fram að því.

² Skýrsla Kristínar Huldar Sigurðardóttur. Þjóðminjasafn Íslands 1993.

Meðal þess sem þurfti að þrifa voru baðstofuviðir frá Brekku í Hróarstungu en baðstofan á bænum var tekin niður af starfsmönnum Þjóðminjasafnsins í september árið 1969. Hún var geymd á háalofri íbúðarhússins á Skriðuklaustri. Þrifa þurfti hverja fjöl fyrir sig en húsið var tvær hæðir, með baðstofu á efri hæð. Ákveðið var að reisa einungis baðstofuna upp í sýningarsal minjasafnsins, þar sem hún á að þjóna hlutverki sýningarbása.



Mynd 3. Skúli Magnússon, smiður, hefur unnið að uppsetningu baðstofu frá Brekku í Hróarstungu á Minjasafni Austurlands en baðstofan á að gegna hlutverki sýningarbása í sýningarsal safnsins.

Tölvuskráning, flokkun og pökkun muna hófst í nóvember 1995. Um áramót var búið að skrá um 500 muni en safnið á hátt á þriðja þúsund safngripa. Munirnir hafa verið flokkaðir eftir ákveðnu kerfi, jafnóðum og tölvuskráning hefur farið fram. Geymsla safnsins verður væntanlega tekin í notkun fljótlega á nýju ári en þar verður þeim munum, sem ekki eiga að vera á sýningum á næstunni, raðað upp samkvæmt skráningarkefinu. Á þann hátt verða þeir aðgengilegir ef t.d. setja á upp minni sýningar í tengslum við ákveðin verkefni, ef breyta á í sýningarsal og fleira.

Hönnun á merki safnsins

Sumarið 1995 var unnið að hönnun á merki fyrir minjasafnið. Hugmyndir voru uppi um að útlit merkisins ætti að minna á muni sem væru upprunnir á Austurlandi en geymdir fjarri heimahögunum. Ákvörðun var tekin um að nota efsta hluta listaverksins er prýðir Valþjófsstaðahurðina svokölluðu.

Fræðimenn telja að Valþjófsstaðahurðin hafi verið skorin út skömmu eftir aldamótin 1200. Hurðin tilheyrði Valþjófsstaðakirkju í Fljótsdal fram til ársins 1851, er hún var seld til Kaupmannahafnar fyrir nýja kirkjuhurð og tvo kertastjaka. Danir afhentu Íslendingum síðan hurðina aftur á alþingishátíðinni árið 1930. Hvort hurðin stóð í dyrum kirkjunnar á Valþjófsstað frá upphafi er umdeilt, því ýmsir telja hana vera hurð af miklum skála er stóð lengi á Valþjófsstað.

Hurðina má, án nokkurs vafa, setja í hóp merkustu dýrgripa sem varðveist hafa á Íslandi. Hún er ekki einungis fræg fyrir háan aldur, heldur er það útskurðurinn sem vakið hefur hvað mesta athygli héraðs sem erlendis en skreyti hennar þykir með afbrigðum vel unnið.

Útskurður hurðarinnar myndar tvær kringlur. Í efri kringlunni er franska ævintýrið um riddarann og ljónið rakið, sem upprunið er úr riddarasögum miðalda. Sagan táknar baráttu góðs og ills, þar sem hið góða sigrar. Í neðri kringlunni má sjá sköpunarsöguna í táknrænni mynd af ornum, sem fléttast saman. Ýmsir telja að kringlurnar hafi verið þrjár talsins á hurðinni, sú þriðja neðan við hinar tvær, og að hurðin hafi verið stytt þegar ný kirkja, úr torfi og grjóti í stað timburs, var byggð á Valþjófsstað á fyrri hluta 18. aldar.



Mynd 4. Merki Minjasafns Austurlands.

Hönnunarstofan Níutíuogsjö, sem er starfrækt á Egilsstöðum, var fengin til að hanna merkið að fengnu leyfi hjá Þjóðminjaverði. Merkið má sjá hér að ofan.

Tölvuvæðing

Minjasafn Austurlands festi kaup á tölvubúnaði fyrir safnið á árinu. Keypt var pentium tölva með litaskjá, af gerðinni Trust, ásamt prentara, skanner og tilheyrandi hugbúnaði. Ákvörðun var tekin um að skráning muna færi fram í tölvuforritinu FileMakerPro, sem hefur gefist vel við skráningu á bókum á bókasöfnum, fornleifum, munum, o.fl. Forritið er alfarið notað á Árbæjarsafni við skráningu á munum, ljósmyndum, föstum fornminjum, sem og lausum frá uppgreftinum í Viðey, á Arnarhóli og í miðbæ Reykjavíkur. Ennfremur er forritið notað að hluta til á Þjóðminjasafni Íslands og er notendahópur þess sífellt að stækka.

Kostir við forritið eru þeir helstir að hægt er að byggja skráningareyðublöðin í munaskránni upp eftir þörfum hvers og eins en jafnframt er hægt að læsa forritinu ef samræmingar er þörf milli safna. Með þessu móti er mjög auðvelt að þróa smám saman hentugt form á skráningareyðublöðin í stað þess að þurfa að sífellt að kaupa ný forrit sem breytast stöðugt. Nú þegar hefur Árbæjarsafn byggt upp hentugt form á skráningareyðublöð fyrir munaskrána þar og vonandi verður hægt að samræma skráningu alls staðar á landinu áður en langt um líður.



Með skráningu safngripa á tölvu er mjög auðvelt að leita eftir einstökum munum ef breyta á í sýningarsal, ef leita á að munum frá einstaka gefendum og margt fleira. Á minjasafninu eru munirnir t.d. skráðir eftir flokkum og raðað samkvæmt því í geymsluna. Í munaskránni kemur einnig fram hvort munirnir eru geymdir í geymslunni, í

sýningarsalnum eða hvort þeir eru í útláni, auk almennra upplýsinga um gefendur o.þ.h. Skráningarforritið er einnig hægt að nota til skráningar á fleiru en munum, t.d. bréfum, ljósmyndum, fornleifum og fleiru. Á myndinni á blaðsíðunni á undan má sjá Önnu Fíu Emilsdóttur vinna við skráningu safngripa.

Fornleifarannsókn

Í september stóð Minjasafn Austurlands fyrir fornleifarannsókn á kumli í landi Eyrarteigs í Skriðdalshreppi. Uppgröftur hófst þann 21. september og lauk 2. október, þó með nokkurra daga hléum. Mikið var fjallað um fundinn í fjölmiðlum og vakti rannsóknin mikla athygli bæði hér heima fyrir sem erlendis, enda reyndist kumlið vera eitt af þeim merkari, sem hingað til hafa fundist á Íslandi.



Mynd 6. Beinín sem fundust í kumlinu.

Tilkynning um fund kumslins barst til Þjóðminjasafnsins sumarið 1995. Hjón frá Eskifirði höfðu orðið vör við bein, örvar- og spjótsodd ofanjarðar við bakka Þórisár í Skriðdal. Eftir að vettvangskönnun hafði farið fram var tekin ákvörðun um að rannsaka kumlið að fullu þar sem sýnilegt þótti að það væri í hættu vegna uppblásturs og ágangs vatns. Þjóðminjasafn Íslands fól forstöðumanni minjasafnsins umsjón rannsóknarinnar þar sem kumlið fannst á umráðasvæði safnsins. Guðrún Kristinsdóttir minjavörður Austurlands, Guðný Zoëga fornleifafræðinemi, Þorbjörn Rúnarsson jarðfræðingur og Sigurður Arnarson landareigandi, aðstoðuðu við rannsóknina.

Veður var gott dagana sem rannsóknin stóð yfir en reynt var að flýta verkinu eins og mögulegt var því veðurfar gat breyst á stuttum tíma. Í fyrstu virtist sem ekkert væri að finna á svæðinu vegna þess að þeir hlutir sem lágu ofan jarðar höfðu runnið til í leysingum. Eftir nærri tveggja daga rannsókn fannst kumlið. Í ljós kom beinagrind karlmanns, sem hafði verið heygður á árbakkanum með hesti sínum og ríkulegu haugfé. Í gröfinni fannst sverð, skjöldur, öxi, spjót, ör, hnífur, skart, verndargripur, grýta og leðurpyngja, sem innihélt eldfæri, pening og met. Hesturinn var að öllu líkindum heygður með fullum reiðtygjum, því með beinum hestsins fundust hringamél, rónaglar og gjarðarhringjur.

Margir hafa reynt að nafngreina manninn og tengja hann fornsögunum. Nöfn eins og Þórir Atlason, sonur Graut-Atla er nam Atlavík, og Ævar hinn gamli, sem nam hluta Skriðdals, hafa þótt helst koma til greina. Rannsóknir hafa sýnt að maðurinn lést um fertugt og að hann var um 1,70 cm á hæð, fíngerður, með lágt enni og útstæða höku. Flest bendir til að greftrunin hafi átt sér stað á síðari hluta 10. aldar en haugbúinn hafði í fórum sínum enska mynt sem slegin var á árunum 955-957.

Sýningar

Á árinu voru tvær litlar sýningar settar upp á vegum safnsins í sýningarskáp, sem safnið hefur til umráða á efri hæð safnahússins. Fyrri sýningin var sett upp í byrjun september og var framlag minjasafnsins til svokallaðs Ormsteitis, sem er árleg uppskeruhátíð á Héraði og stendur yfir í eina viku. Sýning minjasafnsins stóð þó öllu lengur eða til 1. desember.

Á sýningunni voru settir upp munir sem tengjast hreindýrum og hreindýrveiðum á Austurlandi. Sýndir voru gripir úr hreindýrshornum, beinum og skinni, bæði gamlir og nýir, verkfæri, skartgripir og fatnaður. Sett var upp gamalt tjald og útilegubúnaður, sem notaður var við hreindýrveiðar fyrr á öldinni, ásamt skotvopnum. Ennfremur var saga hreindýra og veiða á þeim héraðs, rakin í máli og myndum.

Seinni sýning safnsins á árinu var jólasýning 1995. Hún var sett upp í áður nefndum sýningarskáp um leið og hreindýrasýningin var tekin niður. Sett var upp lítil baðstofa, prýdd jólaskreytingum að gömlum hætti. Á sýninguna mættu á sjötta hundrað manns en hún var opin til 6. janúar, 1996.



Mynd 7. Jóna Óskarsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir á jólasýningu 1995.

Þann 15. desember var sérstök dagskrá í tengslum við jólasýninguna í samvinnu við Bókasafn Héraðsbúa, sem hefur aðsetur á efri hæð safnahússins, og segja má að dagurinn hafi verið hápunktur jólasýningarinnar.

Þennan dag var komið upp vísi að baðstofu á bókasafninu og eldri borgarar á Egilsstöðum voru fengnir til að sýna vinnubrögð frá liðinni tíð í baðstofunni. Gerðir voru skinnskór, tekið var ofan af ull, kembt, spunnið og tvinnað. Í anddyri safnahússins lék Hreinn Halldórsson á harmóniku, börn úr Tónlistarskólanum í Fellabæ sungu jólalög og tveir nemendur ásamt kennara úr Tónlistarskólanum á Hallormsstað spiluðu jólalög á flautu. Sýningargestum var ennfremur boðið upp á nýbakaðar lummur. Á staðnum voru einnig mættir íslenskir jólasveinar og farið var með grýlukvæði. Mjög fjölmennt var í safnahúsinu á Egilsstöðum þegar dagskráin var í gangi en yfir 300 gestir litu inn í jólaamstrinu þennan eina dag.

Gjafir

Safninu hafa borist margar góðar gjafir árinu. Þar er helst að nefna skotvopn en veiði villtra dýra, s.s. hreindýra, gæsa og rjúpu, hefur ætíð verið stór þáttur í mannlífi á Héraði. Gefendur eru Sveinn Ingimarsson og Skúli Magnússon. Sveinn Ingimarsson og systkini hans frá Eyrarlandi í Fljótssdal gáfu einnig safninu smíðaáhöld úr búi afa þeirra. Um er að ræða mörg heimagerð smíðaáhöld; hefla, hallamál, o.fl., mörg hver mjög gömul.

Árni Sigfússon frá Giljum, Jökuldal, hefur gefið safninu margar merkar gjafir. Á árinu færði hann safninu m.a. grammófón og plötusafn, sem inniheldur fjöldann allan af ófáanlegum grammófónskífum. Oddur Björnsson og Jónína Þórarinsdóttir á Unalæk, Vallahreppi, hafa einnig gefið safninu margar gjafir, sem tengjast daglegum starfa á liðnum öldum, en Oddur færði safninu einnig þrjá planka úr gömlu Lagarfljótsbrúnni, sem byggð var rétt eftir síðustu aldamót. Samgöngur á Héraði voru mjög erfiðar fyrrum og eru eitt af því sem safnið þarf að gera góð skil í framtíðinni.

Sævar Sigbjarnarson oddviti Hjaltastaðahrepps fól safninu umsjón með húsum hreppsins í Kjarvalshvammi. Húsin, sem eru lítið íveruhús, bátaskýli og geymsla, voru í eigu Jóhannesar Kjarvals en hann málaði mikið af verkum sínum þar. Með húsunum fylgja ýmis húsgögn og húsbúnaður, auk vinnuáhalda, sem tilheyrðu Kjarval. Hjaltastaðahreppur hefur boðist til að standa straum af viðhaldskostnaði húsanna.

Opnun Minjasafns Austurlands

Eins og áður sagði var árið 1995 tímamótaár í sögu Minjasafns Austurlands. Safnið var stofnað fyrir röskri hálfri öld en hefur enn ekki verið formlega opnað. Það verður því langþráð stund fyrir aðstandendur þess, eigendur, tilvonandi gesti og velunnara, sem rennur upp við opnunina, sem stefnt er að um hvítasunnuhelgina árið 1996. Ákveðið hefur verið að safnið verði opnað með viðhöfn og eru margir góðir gestir væntanlegir á opnunina. Safninu hefur ennfremur verið boðið að taka til varðveislu mjög merka muni sem afhentir verða við opnunina.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélög að reka eigið safn sem varðveitir arfleifð íbúa þeirra. Safn á borð við það sem stendur til að opna á Egilsstöðum er mjög stór liður í uppbyggingu sveitarfélaganna á Héraði og Borgarfirði en mikilvægt er að geta geymt og jafnframt sýnt í réttu umhverfi það sem forfeður okkar létu eftir sig. Safnið á Egilsstöðum er með stærstu söfnum á Íslandi, er í húsnaði sem er sérstaklega hannað sem safnahús og ætti því að verða þeim kostum búið að geta varðveitt hvaðeina það sem krafist er af því.